



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2023



vísir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	15

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Niðurstaða ársheimingsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 11.493 millj. kr. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 483 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 32.391 millj. kr. 30. júní 2023. Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2023 nam 8.724 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.510 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2023 var 26,9%.

Tekjur félagsins lækkuðu um 1,7% á milli ársheiminga. Fyrri ársheimingur 2022 einkenndist af óreglulegum tekjum, að teknu tilliti til þeirra er tekjuvöxtur 6,5%. Góður vöxtur er í auglýsinga- og reikitekjum og reglulegum tekjum Endor. Framlegðarhlutfall hækkar um 3 prósentustig á milli tímabila en rekstarkostnaður stendur nánast í stað. Tilfærsla er á kostnaði á milli rekstarkostnaðar og kostnaðarverðs vegna alrekstrarsamnings við Endor. Rekstrarhagnaður hækkar úr 723 millj. kr. í 1.002 millj. kr. á milli ársheiminga sem er 39% hækkun.

Sala á stofneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluáðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Kaup á Já hf.

Félagið hefur náð samkomulagi um kaup á öllu hlutfé Eignarhaldsfélagsins Njálu, móðurfélags Já hf. sem rekur vefsíðuna ja.is. Samkvæmt kaupsamningi stóð til að Já myndi selja dótturfélagið GI Rannsóknir, sem heldur utan um rekstur Gallup á Íslandi, til þriðja aðila fyrir afhendingu hins selda. Þessi sala er vel á veg komin.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Kaup á eigin bréfum og arðgreiðsla

Þann 17. febrúar tók stjórn ákvörðun um að ljúka endurkaupaætlun sem hafði verið í gangi frá 7. nóvember 2022. Sama dag var sett í gang öfugt útboð sem lauk þann 20. febrúar. Félagið keypti í öfuga útboðinu 13.559.322 hluti fyrir 800 millj. kr. Félagið átti samtals 17.375.208 í lok fyrsta ársfjórðungs 2023 eða um 6,47% af útgefnu hlutfé. Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutfé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 19. apríl og eru útgefni hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina. Til viðbótar var arðgreiðsla að fjárhæð 281 millj. kr. innt af hendi þann 5. apríl.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2023 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar, frh.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

Í Stjórn

Jón Skaftason, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Hákon Stefánsson

Páll Gíslason

Salóme Guðmundsdóttir

Forstjóri

Yngvi Halldórsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2023 2F	2022 2F	2023 6M	2022 6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.632	6.009	11.493	11.691
Rekstrarhagnaður (EBIT)	574	322	1.002	723
EBITDA tímabilsins	1.583	1.607	3.080	3.317
Hagnaður fyrir tekjuskatt	277	96	496	355
Hagnaður tímabilsins	269	66	483	273
Hagnaður á hlut	1,07	0,12	1,75	0,79
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	686	454	1.246	740
Fjárfestingar í sýningarrétti	414	555	975	1.086
Frjálst fjárflæði (FCF)	272	800	325	1.284
Handbært fé frá rekstri	1.094	1.580	2.014	2.688
	30.06. 2023	31.03. 2023	31.12. 2022	30.06. 2022
Hreinar vaxtaberandi skuldir	17.899	17.546	16.226	15.605

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Sýnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuárshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34 eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

Deloitte ehf.

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Steina Dröfn Snorradóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 2F*	2022 2F*	2023 6M	2022 6M
Seldar vörur og þjónusta	5	5.632	6.009	11.493	11.691
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(3.540)	(4.124)	(7.331)	(7.790)
Framlegð		2.092	1.885	4.161	3.901
Rekstrarkostnaður	7	(1.518)	(1.563)	(3.159)	(3.178)
Rekstrarhagnaður		574	322	1.002	723
Fjármunatekjur		7	9	26	30
Fjármagnsgjöld		(297)	(248)	(572)	(469)
Gengismunur		(6)	13	40	71
Hrein fjármagnsgjöld		(296)	(226)	(506)	(368)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		277	96	496	355
Tekjuskattur		(8)	(30)	(13)	(82)
Hagnaður tímabilsins		269	66	483	273
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		(1)	(35)	(18)	(61)
Heildarafkoma tímabilsins		268	31	465	212
Hagnaður á hlut		1,07	0,12	1,75	0,79

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

Skýringar á bls. 11-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

30. júní 2023

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Leigugeignir		8.212	8.620
Rekstrarfjármunir		3.105	2.866
Viðskiptavild		8.893	8.906
Aðrar óefnislegar eignir		4.515	4.389
Langtímaleigukröfur		153	157
Eignahlutir í félögum	9	185	185
Tekjuskattsinneign		145	158
Fastafjármunir samtals		25.208	25.281
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.738	1.809
Birgðir		1.028	559
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	3.124	3.650
Handbært fé		729	2.063
Veltufjármunir samtals		6.620	8.081
Eignir flokkaðar til sölu	12	564	564
Eignir samtals		32.391	33.926
Eigið fé			
Hlutfé		2.510	2.668
Yfirverðsreikningur hlutfjár		629	806
Annað eigið fé		168	129
Óráðstafað eigið fé		5.417	5.866
Eigið fé		8.724	9.469
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		4.623	4.801
Leiguskuldbindingar		11.605	11.820
Langtímaskuldir samtals		16.228	16.621
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		1.276	373
Leiguskuldbindingar		1.124	1.295
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	5.039	6.168
Skammtímaskuldir samtals		7.439	7.836
Skuldir samtals		23.667	24.457
Eigið fé og skuldir samtals		32.391	33.926

Skýringar á bls. 11-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Annað eigið fé Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6.2022						
Eigið fé 1.1.2022	2.964	2.465	49	20	5.037	10.535
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	273	273
Þýðingarmunur	-	-	(61)	-	-	(61)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(61)	0	273	212
Keypt eigin bréf	(280)	(1.580)				(1.860)
Hagnaður hlutdeildarf.og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	22	(22)	0
Eigið fé 30.6.2022	2.684	885	(12)	42	5.289	8.888

1.1. til 30.6.2023						
Eigið fé 1.1.2023	2.668	806	50	79	5.866	9.469
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	483	483
Þýðingarmunur	-	-	(18)	-	-	(18)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(18)	0	483	465
Keypt eigin bréf	(158)	(772)	-	-	-	(930)
Greiddur arður	-	-	-	-	(281)	(281)
Lagt í lögbundinn varasjóð v. kaupa á eigin hlutum	-	595	-	-	(595)	0
Hagnaður hlutdeildarf.og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	57	(57)	0
Eigið fé 30.6.2023	2.510	629	32	136	5.417	8.724

Á fyrri hluta árs keypti félagið 15.762.322 hluti fyrir 930 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.612.886 hluti. Þann 19. apríl, var hlutféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og eru útgefnir hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 millj. kr. vegna rekstrarársins 2022. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 millj. kr. innt af hendi þann 5. apríl.

Skýringar á bls. 11-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 2F	2022 2F	2023 6M	2022 6M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		269	66	483	273
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður		0	0	0	(2)
Afskriftir	8	1.010	1.285	2.078	2.594
Hrein fjármagnsgjöld		296	226	506	368
Tekjuskattur		8	30	13	82
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.583	1.607	3.080	3.315
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		(60)	(128)	(323)	(221)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		230	297	588	1.893
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(380)	34	(800)	(1.873)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.373	1.810	2.545	3.114
Innborgaðar vaxtatekjur		7	9	26	30
Greidd vaxtagjöld		(286)	(241)	(558)	(456)
Greiddur tekjuskattur		0	2	0	0
Handbært fé frá rekstri		1.094	1.580	2.014	2.688
Fjárfestingahreyfingar					
Keyptur eignarhlutur	9	0	(1)	0	(6)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(419)	(251)	(731)	(419)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(267)	(203)	(514)	(321)
Fjárfesting í sýningarrétti		(414)	(555)	(975)	(1.086)
Sala rekstrarfjármuna		0	0	0	2
Fjárfestingahreyfingar		(1.101)	(1.010)	(2.220)	(1.830)
Fjármögnunarahreyfingar					
Afborganir vaxtaberandi skulda		(85)	(119)	(217)	(237)
Rekstrarlán, breyting		822	0	942	(40)
Afborgun leiguskuldbindinga		(320)	(288)	(638)	(672)
Keypt eigin bréf		(0)	0	(930)	(1.860)
Greiddur arður		(281)	0	(281)	0
Fjármögnunarahreyfingar		136	(407)	(1.123)	(2.809)
Breyting á handbæru fé		129	163	(1.329)	(1.951)
Handbært fé í byrjun tímabils		603	2.093	2.063	4.214
Áhrif gengisumreiknings dótturfélags á handbært fé		(4)	(4)	(5)	(11)
Handbært fé í lok tímabilsins		729	2.252	729	2.252

Skýringar á bls. 11-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2+, Vísir, Bylgjan, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. júní 2023 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2022. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2023	2022	2023	2022
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2F	2F	6M	6M
Vörusala	282	323	611	597
Seld þjónusta	5.350	5.686	10.881	11.094
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.632	6.009	11.493	11.691

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
1.1. til 30.6.2023								
Tekjur	4.393	2.204	2.445	227	1.204	611	409	11.493
1.1. til 30.6.2022								
Tekjur	4.254	2.231	2.683	251	1.329	597	346	11.691

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2023 2F	2022 2F	2023 6M	2022 6M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.151	2.577	4.494	4.636
Laun og launatengd gjöld	724	610	1.451	1.225
Eignfærð laun	(59)	(63)	(115)	(98)
Afskriftir	724	1.000	1.501	2.027
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.540	4.124	7.331	7.790

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2023 2F	2022 2F	2023 6M	2022 6M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	409	369	812	775
Sölu- og markaðskostnaður	81	73	175	153
Laun og launatengd gjöld	946	908	1.875	1.834
Eignfærð laun	(203)	(72)	(280)	(151)
Afskriftir	285	285	577	567
Rekstrarkostnaður samtals	1.518	1.563	3.159	3.178

8. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2023 2F	2022 2F	2023 6M	2022 6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	152	223	378	442
Afskriftir óefnislegra eigna	174	180	353	360
Afskriftir afnotaréttar	332	284	666	596
Afskriftir sýningarréttar	352	598	681	1.196
Afskriftir samtals	1.010	1.285	2.078	2.594

Endursamningar við birgja hafa áhrif á afskriftir á árinu 2023 til lækkunar.

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Bókfært verð 1.1.	56	39
Fjárfesting á árinu	-	17
Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum samtals	56	56
Eignarhlutir í öðrum félögum	129	129
Bókfært verð eignarhluta í félögum samtals	185	185

Skýringar, frh.:

10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	2.885	3.314
Aðrar skammtímakröfur	281	401
Leigukröfur	25	24
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(66)	(89)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.124	3.650

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Viðskiptaskuldir	3.254	4.241
Ógreiddur virðisaukaskattur	330	319
Fyrirfram innheimtar tekjur	488	560
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	968	1.048
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.039	6.168

12. Sala á stofnneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

13. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Um málarekstur Sýnar hf. vísast einkum til ársreiknings 2022, en að neðan er greint frá helstu framvindu ágreiningsmála á núverandi reikningstímabili.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa), Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (nú Ljósleiðarinn), og gagnsök

Í Hæstaréttarmáli nr. 50/2022 (Síminn hf. gegn Fjarskiptastofu, Ljósleiðaranum ehf, Mílu hf. og Sýn hf.) lýtur ágreiningur að ákvörðun stefndu Póst- og fjarskiptastofnunar, nú Fjarskiptastofu, nr. 10/2018 frá 3. júlí 2018. Með henni var áfrýjanda gerð 9 millj. kr. sekt vegna brots gegn 5. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Í ákvörðuninni segir að brot áfrýjanda hafi staðið yfir frá 1. október 2015 þegar ólínuleg myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu hans varð einungis möguleg með því að tengjast IPTV-kerfi hans og jafnframt aðeins yfir fjarskiptanet stefndu, Mílu hf. Dómar höfðu fallið í héraði og Landsrétti þar sem kröfum Símans um ógildingu ákvörðunar Fjarskiptastofu hafði verið hafnað. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, með dómi þann 31. maí 2023, að dómur Landsréttar hefði ekki fullnægt þeim kröfum sem gera yrði til rökstuðnings í dómi fyrir niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Þá taldi rétturinn að meðferð málsins hefði farið úr skorðum fyrir héraðsdómi með því að í niðurstöðu dómsins hefði verið farið út fyrir þann grundvöll sem aðilar höfðu markað málinu og hún reist á málsástæðu sem aðilar hefðu ekki byggt á.

Dómur Landsréttar sem og dómur héraðsdóms voru því ómerktil og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Skýringar, frh.:

12. Önnur mál, frh.:

Skaðabótakröfur gegn Símanum hf.

Í máli nr. E-5072/2022 hefur félagið gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. hafi valdið félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, samkeppnislögum nr. 44/2005 eða gegn tilteknum ákvæðum skilyrða satta sem Síminn hf. hafi gert við samkeppnisyfirvöld, vegna tímabilsins 2. des. 2017 til 31. des. 2019.

Byggir félagið á því að brot Símans hf. hafi skilað Símanum hf. miklum ávinningi í formi aukinna fjarskiptaviðskipta og valdið félaginu samsvarandi tjóni. Háttsemi Símans hf. hafi verið saknæm og ólögmæt og tjón félagsins sé sennileg afleiðing hennar. Dómkrafan í málinu byggir á matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 3. ágúst 2022, sbr. matsmál nr. M-3261/2021. Aðalkrafa félagsins er um greiðslu á 270 millj. krónum auk vaxta og dráttarvaxta, 1. varakrafa um greiðslu á 216 millj. kr. auk vaxta og dráttarvaxta, 2. varakrafa um greiðslu á 162 millj. kr. krónum auk vaxta og dráttarvaxta, og 3. varakrafa um greiðslu bóta að álitum skv. mati dómsins auk dráttarvaxta, allt eins og nánar er rakið í stefnu málsins. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi Símans hf. Síminn hf. krafðist frávísunar, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði héraðsdóms þann 4. apríl 2023. Málið biður því efnismeðferðar.

Krafa á Ingibjörgu Pálmadóttur, Jón Ásgeir Jóhannesson og 365 hf.

Í máli nr. 512/2022 fyrir Landsrétti (mál nr. E-2982/2020 í héraði) hafði félagið gert kröfu á hendur 365 hf., Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Stefaniú Pálmadóttur. Stefndu voru sýknaðir í héraði og málinu skotið til Landsréttar. Málsaðilar hafi nú komist að samkomulagi um lyktir þess og málið því verið fellt niður fyrir Landsrétti.

Mál fyrir eftirlitsstofnunum

Ógilding ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í máli frá 26. mars 2021 vegna ríkisaðstoðar til Farice ehf. fyrir þriðja fjarskiptasæstrenginn milli Íslands og Evrópu og ný rannsókn

Þann 26. mars 2021 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA að aukning hlutafjár í Farice ehf. um 50 milljónir evra, til að fjármagna megi sæstreng milli Íslands og Írlands, samræmdist ríkisaðstoðarreglum EES samningsins, sbr. ákvörðun nr. 023/21/COL frá 26. mars 2021.

Sýn taldi að ákvörðun ríkisins um að fela Farice lagningu sæstrengsins feli hins vegar í sér ólögmæta ríkisaðstoð og skaut ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

Með dómi EFTA dómstólsins, sem kveðinn var upp 1. júní 2022, féllst EFTA dómstóllinn á kröfu Sýnar hf. um ógildingu ákvörðunar í máli nr. E4/21. Jafnframt var ESA dæmd til greiðslu málskostnaðar. ESA hefur nú hafið fulla rannsókn á málinu og hagsmunaaðilum gefist tækifæri á að tjá sig um aðstoðina. Slík rannsókn getur því leitt til þess að ríkisaðstoð teljist ólögmæt eða að skilyrði verði sett fyrir framkvæmd hennar. Niðurstaða rannsóknarinnar gæti því haft í för með sér breytingar á rekstri og gjaldskrá Farice sem kunna að hafa jákvæð áhrif á fjárhagstöðu Sýnar.

Á hverjum tíma kunna ýmis mál rekin fyrir hinum ýmsu innlendu eftirlitsaðilum. Í engu tilviki hafa verið boðaðar sektarákvarðanir eða aðrar mjög íþyngjandi aðgerðir.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.

Ársfjórðungsyfirlit*

	2022	2022	2022	2022	2023	2023
	1F	2F	3F	4F	1F	2F
Seldar vörur og þjónusta	5.682	6.009	5.501	5.791	5.860	5.632
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.666)	(4.124)	(3.480)	(3.696)	(3.791)	(3.540)
Framlegð	2.016	1.885	2.021	2.095	2.069	2.092
Rekstrarkostnaður	(1.615)	(1.563)	(1.535)	(1.712)	(1.641)	(1.518)
Rekstrarhagnaður	401	322	486	383	428	574
Fjármunatekjur	21	9	56	136	19	7
Fjármagnsgjöld	(221)	(248)	(262)	(267)	(275)	(297)
Gengismunur	58	13	(66)	(75)	46	(6)
Hrein fjármagnsgjöld	(142)	(226)	(272)	(206)	(210)	(296)
Tekjuskattur	(52)	(30)	(33)	257	(5)	(8)
Hagnaður tímabilsins	207	66	181	434	213	269
Þýðingarmunur vegna erlends dótturf.	(26)	(35)	10	52	(17)	(1)
Heildarafkoma tímabilsins	181	31	191	486	196	268
EBITDA	1.710	1.607	1.799	1.528	1.497	1.583
EBITDA %	30,1%	26,7%	32,7%	26,4%	25,5%	28,1%

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum